

Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, greiði varnaraðili Y allan annan kostnað af máli þessu en þann, sem við kemur varnaraðilja Z, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00, en kostnaður sá, sem stafar af þætti varnaraðilja Z í málinu, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Verði sóknaraðilja hins vegar eiðfall, skal varnaraðili Y vera sýkn af öllum kröfum hennar í máli þessu, en málskostnaður allur þá greiðast úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 42/1969. **Kristján Pétursson**
 (Ingi Ingimundarson hrl.)
 gegn
Helga Hjálmsyni
 (Sveinn Snorrason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. marz 1969. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. ágúst 1968, en útivistardómur gekk í því máli hinn 3. marz 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Áfrýjandi var húsasmíðameistari við húsið nr. 11 við Stóragerði. Ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um fébótaábyrgð áfrýjanda á þeim göllum á íbúðinni, sem fram komu og mál þetta fjallar um. Stefndi gerði áfrýjanda strax viðvart, er bóta-

krafa kom fram af hálfu Guðjóns Tómassonar. Þá tilkynnti og stefndi áfrýjanda málareksturinn og skoraði á hann að ganga inn í málið í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 85/1936. Að svo vöxnu máli þykir rétt að taka einnig til greina kröfu stefnda, sem á engan hátt átti sök á göllunum, um greiðslu þess kostnaðar, sem hann hafði af málsókninni. Hinn áfrýjaði dómur verður því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 13.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Kristján Pétursson, greiði stefnda, Helga Hjálmsyni, kr. 13.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 29. f. m., hefur Helgi Hjálmsson forstjóri, Smáraflöt 24, Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. nóvember 1966, gegn Kristjáni Péturssyni byggingameistara, Safamýri 95, Reykjavík, og erfingjum Sigvalda Thordarson, arkitekts í Reykjavík, þeim frú Kömmu Thordarson fyrir eigin hönd og ófjarráða sonar síns, Sigvalda Thordarson jr., frú Albínu Thordarson, Kaplaskjóli 51, Reykjavík, og frú Pálínu Jónsdóttur, Hvassaleiti 8, Reykjavík, vegna ófjarráða barna hennar, Jóns Arnars Thordarson, Guðfinnu Ernu Thordarson og Hallveigar Thordarson, öllum til heimilis að Hvassaleiti 8, Reykjavík, til þess in solidum að greiða kr. 51.480.77 með 8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 17. nóvember 1965 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndu krefjast öll sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 9. janúar 1961, keypti stefnandi efri hæð húseignarinnar nr. 11 við Stóra-

gerði í Reykjavík, en íbúð þessi var þá í smíðum og var komin nokkru lengra á veg en það, sem í daglegu tali kallast fokhelt. Seljandi eignarhlutans var stefndi Kristján Pétursson. Hús þetta hafði verið byggt eftir teikningu, gerðri af Sigvalda heitnum Thordarson arkitekt. Byggjendur hússins voru stefndi Kristján Pétursson, sem jafnframt var húsasmíðameistari við húsið, Sverrir Guðvarðsson, sem átti 1. hæð hússins, og Ólafur Auðunsson, sem átti kjallarann.

Stefndi Kristján Pétursson hafði ekki verið aðili að byggingarframkvæmdum þessum frá upphafi, heldur gerðist hann byggjandi, þegar annar maður, sem í upphafi hafði ætlað sér að byggja húsið með þeim Sverri og Ólafi, gekk úr skaftinu. Þegar Kristján Pétursson gerðist byggjandi, hafði byggingarnefndar-teikning þegar verið gerð af húsinu. Hafði Sverrir Guðvarðsson samið við Sigvalda heitinn Thordarson um þá teikningu. Sverrir Guðvarðsson hefur borið, að þegar stefndi Kristján Pétursson gerðist aðili að byggingu þessari, hafi hann óskað sérstaklega eftir því, að Sigvaldi heitinn Thordarson yrði ekki látinn gera sérvinnuteikningar að húsinu, þar sem það yrði allt of dýrt. Kveður Sverrir Sigvalda heitinn hafa fallizt á þetta og sagt, að hann mundi þá ekkert eftirlit hafa með byggingarframkvæmdunum.

Hús þetta var með flötu, steypu þaki. Þurfti því að einangra loft íbúðarinnar á efri hæð hússins. Tók stefndi Kristján Pétursson að sér að einangra loftið fyrir stefnanda samkvæmt reikningi, enda var það verk ekki innifalið í kaupverði íbúðarinnar. Neðan á einangrun loftsins var festur álpappír, og neðan á álpappírinn voru negldir trélistar. Bæði stefnandi og stefndi Kristján Pétursson eru sammála um það, að það síðasta, sem stefndi Kristján hafi unnið við loftið, hafi verið að negla nefnda trélista neðan á álpappírinn. Mun einangrun loftsins hafa verið lokið vorið 1961. Eftir að trélistar þessir höfðu verið festir, var komið fyrir raflögn í loftið á milli þeirra. Síðan var loftið klætt með viði, en eigi var það verk unnið á vegum stefnda Kristjáns Péturssonar, heldur af öðrum aðiljum.

Er fyrrnefndir trélistar höfðu verið festir á loftið, innti stefnandi stefnda Kristján Pétursson eftir því, hvort sér væri ekki heimilt að ráða sjálfur til sín menn til að fullgera tréverkið í íbúðini að öðru leyti. Kristján Pétursson var tregur til að veita samþykki sitt til þess, þar sem hann var húsasmíðameistari við húsið. Gekk þetta í nokkru þófi, og hefur stefndi Kristján borið, að stefnandi hafi óskað eftir því við sig, að hann færi af teikn-

ingu hússins og annar húsasmíðameistari kæmi á hana í sinn stað. Kveðst stefndi Kristján Pétursson hafa að lokum fallizt á þetta með því skilyrði, að strax fengist meistari á verkið, þegar stefndi Kristján Pétursson færi út af teikningu hússins. Hafi þetta verið samþykkt af öllum aðiljum.

Stefnandi hefur aftur á móti borið, að hann hafi ekki haft neinn ákveðinn húsasmíðameistara í huga, sem komið gæti í staðinn fyrir stefnda Kristján Pétursson á teikninguna. Enn fremur hefur stefnandi tekið fram, að það hafi hvorki verið með sinni vitund né vilja, að Valdimar Þorsteinsson hafi verið skráður byggingameistari við húsið, en samkvæmt vottorði frá byggingarfulltrúanum í Reykjavík, dags. 29. desember 1966, skrifaði Valdimar Þorsteinsson húsasmíðameistari upp á teikningu af húsinu hinn 25. nóvember 1961.

Valdimar Þorsteinsson hafði séð um innréttingu á íbúð Sverris Guðvarðssonar í húsinu, en eigi annazt aðra trésmíði í sambandi við hús þetta. Er Valdimar Þorsteinsson kom inn á teikninguna, segir stefnandi, að stefndi Kristján Pétursson hafi fyrir löngu verið búinn að ljúka við frágang á einangrun loftsins. Aftur á móti sáu, svo sem fyrr er getið, aðrir menn um innréttingu íbúðar stefnanda að öðru leyti, þar á meðal um það að klæða loftið með viði.

Þar sem íbúð þessi varð of dýr hjá stefnanda, gat hann aldrei flutt inn í hana. Hinn 19. júní 1962 seldi stefnandi Guðjóni Tómassyni íbúðina. Í nóvember sama ár tók að bera á leka í gegnum þakeinangrun og niður með veggjum íbúðarinnar. Lét Guðjón Tómasson fara fram mat tveggja dómkvaddra manna á því, hvað hæfilegt væri, að hann fengi í bætur úr hendi Helga Hjálmssonar vegna tjóns af téðum göllum. Matsbeiðni var send yfirborgardómaranum í Reykjavík hinn 26. apríl 1963. Til þess að framkvæma hið umbeðna mat voru dómkvaddir þeir Einar Sveinsson múrarameistari og Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur. Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dags. 5. október 1963 og hljóðar svo:

„Skoðunargerð fór fram þann 18. 9. 1963 kl. 11 árd. að viðstöddum Guðjóni Tómassyni, Stóragerði 11, og Helga Hjálmsyni, Gnoðarvogi 56, auk matsmanna.

Ofangreindir aðilar voru sammála um, að leki sá, sem kvartað er yfir í matsbeiðninni, stafi af því, að þétting eða ísing verði ofan við einangrunina í frostum og sú þétting bráðni og leki niður veggina, þegar frost er og íbúðin vel kynt. Sérstaklega bar

á þessu í innvegg í barnaherbergi, innvegg í stofu og norðurúttegg svo og millivegg að forstofu. Einnig bar á rakataumum í svefnherbergi hjóna.

Matsmenn komu aftur á staðinn eftir kl. 18 þann 26. sept. 1963. Sigurður Björnsson, húsasmíðameistari, Tómasarhaga 41, Reykjavík, og Kristján Pétursson, húsasmíðameistari, sem sagður er hafa byggt húsið. Var klæðning rifin niður úr lofti í stofu, og kom í ljós, að gengið var frá loftinu á eftirfarandi hátt:

Neðst (innst) var klæðning ekki þéttklædd. Þar næst þykkur sísalpappi á listum, en í því rými voru einnig lagðar rafmagnspípur. Ofan á listum þessum var alfol (aluminíumpappír), og ofan á honum wellit plötur (bárupappaeinangrun) og steinull þar ofan á. Þykkt einangrunar var alls um 10 cm. og fullkomlega nægjanleg sem einangrun vegna kulda.

Aftur á móti var ekki þétt gengið frá pappanum með steiptum veggjum, sem ganga upp gegnum einangrunina, og var sannreynt, að reykur komst sums staðar upp með vegg upp í einangrunina.

Matsmenn athuguðu einnig loftrásargöt á útveggjum, og er a. m. k. þörf á einu til viðbótar á norðurhlið. Ekki er upplýst um fjölda slíkra gata eða hugsanlega stærð í steiptum milliveggjum, og matsmenn höfðu ekki aðstæður til slíkrar rannsóknar, enda gríðarlegt verk og skemmd á íbúðinni að framkvæma hana.

1. Í matsbeiðni er þess óskað, að matsmenn gefi umsögn um, af hverju leki þessi stafi, og þá sérstaklega, hvort sé um að kvenna handvömm smíða — eða ágalla á gerð hússins. Orsakir lekans er fyrst og fremst að rekja til ófullnægjandi loftrásar í þakinu ofan einangrunar, en ekki síður til þess, að óþétt er með veggjum og rakavarnarlögum (sísalpappa og aluminíumpappír) þannig, að þar kemst upp heitt rakt loft úr íbúðinni, sem síðan þéttist á köldum steiptum veggjum og steiptu þaki. Ennfremur er viðbúið, að aluminíumpappírinn sé götöttur, t. d. eftir raflögn, og er það einnig ein orsök, enda var staðreynd, að rífið var gat á aluminíumpappann á þeim bletti, sem matsmenn létu taka niður úr loftinu. Meta skal, hve mikið kosta muni að bæta úr þeim ágöllum og skemmdum, sem orðið hafa á nefndri íbúð vegna lekans. Mála þarf alla veggj í stofu, nema millivegg eldhúss og borðstofu, svo og glugga stofunnar. Hliðstætt í barnaherbergi og svefnherbergi hjóna. Málning á ofantalið ásamt aðgerð á gluggum metum við, að kosti 8.000.00 kr., og gera matsmenn ráð fyrir, að með því fáist að fullu bætt úr orðnum lekaskemmdum á íbúðinni. Rétt er að taka fram, að umræddar skemmdir hefðu orðið marg-

faldar, ef eigandi hefði ekki smíðað og komið fyrir sérstökum kerjum fyrir lekavatn.

2. Þess er óskað, að matsmenn meti, hve mikið fullnaðarviðgerð á þakinu kosti. Til þess þarf að rífa niður loftklæðningu í stofu og loft í barnaherbergi og svefnherbergi og þétta ofangreind rakavarnarlög, en setja þau síðan upp aftur. Viðgerð lofta er metin á 12.600 kr. Þar getur komið til viðbótarkostnaður, ef ekki eru göt á millivegg, og meta matsmenn þann kostnað á 1.000 kr. Matsmenn telja þakið muni verða fullgott að lokinni ofangreindri aðgerð.

3. Þá er loks beðið um álit matsins á því, hvort rýma þurfi íbúðina, meðan á aðgerð stendur, svo og kostnað af óþægindum á meðan. Matsmenn telja heppilegt, að íbúðin sé rýmd, meðan á viðgerð stendur, jafnframt þurfi að taka saman húsgögn, breiða yfir þau og fylgjast með iðnaðarmönnum þeim, sem verkið munu annast. Matsmenn telja kostnað þann 5.500.00 kr.“.

Hinn 6. nóvember 1963 sendi lögmaður stefnanda, Helga Hjálmssonar, áskorun til þeirra Kristjáns Péturssonar og Sigvalda heitins Thordarson um að koma til samninga um greiðslu bóta til handa Guðjóni Tómassyni. Þeirri áskorun var eigi sinnt. Hinn 25. nóvember 1963 kærði Guðjón Tómasson stefnanda fyrir sáttanefnd, en sættir tókust ekki. Höfðaði Guðjón Tómasson því mál gegn stefnanda með stefnu, birtri 21. janúar 1964, og gerði þær kröfur, að stefnandi yrði dæmdur til að greiða honum bætur í samræmi við fyrrnefnda matsgerð auk 8% ársvaxta frá 19. júní 1962 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Vitnaleiðslur fóru fram í því máli hinn 15. apríl 1964. Skoraði stefnandi þá á Sigvalda heitinn Thordarson og Kristján Pétursson að ganga í málið í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Stefndi Kristján Pétursson mætti við þinghaldið svo og lögmaður hans, Gunnar Jónsson héraðsdómsögmaður. Sigvaldi heitinn Thordarson sótti hins vegar hvorki né lét sækja þing, enda lá hann þá banalegu og andaðist 16. apríl 1964.

Hinn 24. september 1965 var kveðinn upp dómur í máli Guðjóns Tómassonar á hendur Helga Hjálmsyni. Dómsorð í því máli var svohljóðandi: „Stefndi, Helgi Hjálmsson, greiði stefnanda, Guðjóni Tómassyni, kr. 26.500.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. júní 1962 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum“.

Til þess að firra auknum kostnaði við fjárnámsgerð galt Helgi Hjálmsson Guðjóni Tómassyni dómkröfuna hinn 17. nóvember 1965. Nam hún þá með vöxtum og málskostnaði kr. 44.805.27. Auk þess nam útlagður málskostnaður stefnanda til lögmanns hans kr. 7.175.50, þannig að heildarkostnaður, sem stefnandi varð að greiða hinn 17. nóvember 1965, nam kr. 51.480.77, sem er stefnukrafan í máli þessu.

Með því að hinir stefndu hafa verið ófúsir til að greiða bætur samkvæmt framangreindum dómi eða semja um greiðslu, kveður stefnandi sér óhjákvæmilegt að leita úrskurðar dómstóla um ágreiningsefnið.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að með dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 24. september 1965 hafi honum verið gert að greiða Guðjóni Tómassyni skaðabætur, eins og í dóminum greinir, vegna galla á íbúð, er hann hafi selt nefndum Guðjóni. Samkvæmt niðurstöðu skoðunar- og matsmanna og dómsins hafi gallar þessir verið raktir til gerðar eða frágangs hússins, þannig að ljóst hafi verið þegar í upphafi, að stefnandi, sem aldrei bjó í íbúðinni, hafi ekki átt sök á þeim og ekki um þá vitað. Húsa-meistari við framangreint hús var Sigvaldi heitinn Thordarson arkitekt, en byggingameistari stefndi Kristján Pétursson. Báðir þessir aðiljar hafi átt þess kost að andmæla álit í niðurstöðu matsmanna í fyrrnefndu máli, en hvorugur þeirra hafi gert það. Verði því að telja, að þeir hafi báðir sætt sig við álit matsmanna að þessu leyti. Enn fremur verði að telja, að þeir hafi báðir, Sigvaldi heitinn Thordarson og Kristján Pétursson, gengizt undir greiðslu kostnaðar vegna fyrrgreinds máls, með því að þeir gerðu engar tilraunir til þess að komast hjá þeim málskostnaði og semja um greiðslu bótanna við Guðjón Tómasson, eins og þeim hafi verið gefinn kostur á.

Til frekari áréttingar kröfum sínum mótmælir stefnandi því, að hann hafi óskað eftir því, að skipt yrði um byggingameistara við húsið. Hann heldur því fram, að það hafi hvorki verið með sínum vilja né vitund, að nýr byggingameistari kom inn á teikningu að húsinu hinn 21. nóvember 1961. Jafnframt er á það bent af hálfu stefnanda, að stefndi Kristján Pétursson hafi sjálfur framkvæmt það verk við einangrun loftsins, sem síðan hafi komið fram gallar á, og skipti það því engu máli hér um skaðabótaskyldu stefnda Kristjáns, þótt hann hafi síðar farið út af teikningu af húsinu. Ábyrgð hans sé ótvírætt fyrir hendi á þessum göllum, sem fram hafi komið á húsinu, þar sem hann hafi verið

bæði byggingameistari við húsið og enn fremur sjálfur séð um framkvæmd þessa verks. Valdimar Þorsteinsson, sá byggingameistari, sem komið hafi inn á teikningu af húsinu hinn 21. nóvember 1961, hafi aldrei unnið neitt í íbúð stefnanda, enda kveðst stefnandi ekki hafa vitað um það, að Valdimar væri orðinn byggingameistari að húsinu, fyrr en hann hafi séð greinargerð lögmanns stefnda Kristjáns Péturssonar í þessu máli.

Kröfur sínar gegn hinum stefndu erfingjum Sigvalda heitins Thordarson byggir stefnandi á því, að Sigvaldi heitinn Thordarson hafi teiknað húsið. Jafnframt muni hann hafa látið stefnda Kristjáni Péturssyni í té „standard“-teikningu af gerð þakeinangrunar, sem Sigvaldi heitinn hafi notað í sambandi við byggingu þeirra húsa, sem hann hafi teiknað með flötum þökum. Heldur stefnandi því fram, að þessi „standard“-teikning hljóti að hafa verið eitthvað gölluð, og beri erfingjar Sigvalda heitins Thordarson því fébótaábyrgð á því tjóni, sem fram hafi komið, enda hafi þeim verið afhent bú hans til einkaskipta sem skulda viðgöngubú.

Stefndi Kristján Pétursson byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi lokið við að einangra loftið í íbúð stefnanda hinn 22. apríl 1961. Hafi stefnandi þá óskað eftir því, að skipt yrði um meistara á húsinu. Hafi síðan aðrir menn unnið við að setja raflögn neðan á einangrun loftsins og síðan hafi það verið klætt með viði. Heldur stefndi Kristján Pétursson því fram, að eftir þennan tíma hafi hann enga ábyrgð borið á þessu verki, enda hafi hann ekkert unnið í íbúð stefnanda eftir þetta. Annar meistari hafi komið á teikningu af húsinu hinn 21. nóvember 1961. Hafi það verið Valdimar Þorsteinsson og hafi hann tekið við byggingu hússins. Kveðst stefndi því ekkert hafa fylgzt með því, hvernig endanlega hafi verið gengið frá einangruninni, og telur hann sig ekki á neinn hátt bera ábyrgð á göllum þeim, sem komu fram síðar. Einangrunin hafi verið í fullkomnu lagi og allt hafi verið gert fullkomlega eins og gera hafi átt samkvæmt teikningu, er hann hafi farið eftir, gerðri af Sigvalda heitnum Thordarson. Mótmælir stefndi því harðlega, að hann beri nokkra ábyrgð á þeim göllum, sem fram komu, og telur algerlega ósannað, að í nokkru hafi verið ábótavant verki því, sem hann vann eða lét vinna, meðan hann var meistari á framangreindu húsi.

Enn fremur bendir stefndi Kristján Pétursson á það, að hann hafi óskað eftir því við Sigvalda heitinn Thordarson, að ekki yrði haft steypt þak á húsinu, þar sem hann hafi vitað ýmis tilfelli

um, að steyppt þök hefðu ekki reynzt vel hér á landi. Kveðst Kristján Pétursson hafa viljað, að húsið yrði með venjulegu timburþaki. Hafi Sigvaldi heitinn Thordarson þá gert teikningu af timburþaki á húsinu, en tekið fram á þeirri teikningu, að stefndi Kristján Pétursson bæri þá alla ábyrgð á því þaki. Þetta kveðst stefndi Kristján Pétursson ekki hafa getað fallizt á og því heldur viljað hafa húsið með steyptu þaki, þar sem húsið hafði verið teiknað þannig, og Sigvaldi heitinn bæri fulla ábyrgð á því. Þar sem ekki hafi komið fram á teikningu þeirri, sem samþykkt hafi verið af byggingarnefnd Reykjavíkurborgar, hvernig steyppta þakið ætti að vera, kveðst stefndi Kristján Pétursson hafa óskað eftir því hjá húsameistararum að fá sérteikningu af þakinu. Hafi á þeirri teikningu verið staðsett loftræstingargöt fyrir loftið og sýnt, hve stór þau ættu að vera ásamt frágangi á einangrun neðan á loftinu. Hafi hann í einu og öllu farið eftir þessari teikningu og geti því eigi borið ábyrgð á þeim galla, sem fram hafi komið síðar.

Verði framangreindar sýknukröfur stefnda Kristjáns Péturssonar eigi teknar til greina, byggir hann sýknukröfu sína á því, að krafa stefnanda sé fyrnd samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14 frá 1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, þar sem liðin séu meira en 4 ár, frá því að framangreint verk var unnið og þar til stefna var birt í þessu máli. Enn fremur bendir þessi stefndi á, að mál þetta hafi eigi verið höfðað innan 6 mánaða, frá því að dómur var uppkveðinn í máli Guðjóns Tómassonar gegn Helga Hjálmssyni, sbr. 14. gr. fyrrgreindra laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Síðasta málsástæða stefnda Kristjáns Péturssonar kom fram við munnlegan flutning málsins. Var henni þá mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni.

Hinir stefndu erfingjar Sigvalda heitins Thordarson byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að ekkert réttarsamband hafi verið á milli stefnanda þessa máls og Sigvalda heitins Thordarson, enda hafi það eigi verið stefnandi, sem samið hafi við Sigvalda heitinn um að gera teikningar að húsinu. Stefndi hafi ekki verið byggjandi að húsinu frá upphafi, heldur hafi það verið aðrir aðiljar, en stefnandi síðan keypt íbúð sína af stefnda Kristjáni Péturssyni.

Í annan stað byggja þessi stefndu sýknukröfu sína á því, að Sigvaldi heitinn Thordarson hafi ekki haft eftirlit með byggjingu, enda hafi þess ekki verið óskað af hálfu byggjenda,

þvert á móti hafi stefndi Kristján Pétursson farið þess á leit, að Sigvaldi heitinn teiknaði ekki sérvinnuteikningar af húsinu.

Að endingu er á það bent, að Sigvaldi heitinn Thordarson hafi ekki teiknað sérvinnuteikningu af þakinu. Aftur á móti hafi hann lánað stefnda Kristjáni Péturssyni „standard“-teikningu af því, hvernig ætti að ganga frá einangrun undir steypu þaki. Sé ekkert fram komið um það, að sú „standard“-teikning hafi ekki verið rétt lausn á slíkri þakgerð. Er því sérstaklega mótmælt, að rekja megí galla þann, sem fram kom, til þess, að nefndri „standard“-lausn hafi verið í einhverju áfátt frá hendi Sigvalda heitins Thordarson.

Þar sem því var hafnað af hálfu byggjenda hússins, að Sigvaldi heitinn Thordarson hefði eftirlit með byggingarframkvæmdum og gerði sérvinnuteikningar af húsinu, þykir verða að sýkna hina stefndu erfingja Sigvalda heitins af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Verður stefnandi dæmdur til þess að greiða hinum stefndu erfingjum málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Gallar þeir, sem komu fram á húsinu nr. 11 við Stóragerði í Reykjavík, urðu á verki, sem unnið var, meðan stefndi Kristján Pétursson var húsasmíðameistari við húsið. Ber hann því ábyrgð á þessum göllum sem húsasmíðameistari við húsið. Verður stefndi Kristján Pétursson því dæmdur til að greiða stefnanda, Helga Hjálmsyni, skaðabætur, enda kemur fyrningarástæða stefnda eigi til álita gegn andmælum stefnanda, þar sem hún þykir of seint fram komin við munnlegan flutning málsins.

Hins vegar verður stefnukrafan eigi tekin til greina að fullu, þar sem engin fræðsla liggur fyrir um það, að þurft hafi að bora þau göt á millivegg, sem matsmenn tala um í matsgerð sinni. Sá kostnaður var metinn á kr. 1.000.00. Ber að lækka stefnukröfuna um þá fjárhæð.

Verður stefndi Kristján Pétursson því dæmdur til að greiða stefnanda, Helga Hjálmsyni, kr. 50.480.77 ásamt vöxtum, er þykja hæfilega ákveðnir 6% ársvextir frá 17. nóvember 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalyktum verður stefndi Kristján Pétursson dæmdur til þess að gjalda stefnanda, Helga Hjálmsyni, málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 12.277.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Bárði Daníelssyni verkfræðingi og Jóni Sigurðssyni tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndu Kamma Thordarson fyrir eigin hönd og ófjárráða sonar síns, Sigvalda Thordarson jr., Albína Thordarson, Pálína Thordarson vegna ófjárráða barna sinna, Jóns Arnars Thordarson, Guðfinnu Ernu Thordarson og Hallveigar Thordarson, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Helga Hjálmssonar, í máli þessu. Stefnandi greiði þessum stefndu kr. 10.000.00 í málskostnað.

Stefndi Kristján Pétursson greiði stefnandanum, Helga Hjálmssyni, kr. 50.480.77 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. nóvember 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.277.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. marz 1969.

Nr. 98/1968. **Ágúst Karl Sigmundsson**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Ögmundi Guðmundssyni og gagnsök
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1968. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður falli þá niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 26. júlí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 73.399.90 með 8% ársvöxtum frá 11. október 1964 til 31. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til